

Forsætisnefnd

Endurskoðun reglna um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar.

Vísað er til fyrri bréfa skrifstofu borgarstjórnar til forsætisnefndar, um sama efni, einkum bréfs dags.. 7. september þar sem niðurstaða Persónuverndar var kynnt. Það var niðurstaða Persónuverndar að ekkert sé því til fyrirstöðu að bjóða upp á valkvæða skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa sem farið geti fram á grundvelli samþykkis hins skráða sbr. 1. tölulið 9. gr. laga nr. 90/201, sbr einnig a-lið 1. mgr. 6. reglugerðar (ESB) 2016/679. Persónuvernd taldi jafnframt að fyrirliggjandi drög þörfnuðust lagfæringa en m.a. var bent á að gildissvið reglugerðanna væri ekki afmarkað með skýrum hætti. Sé ætlunin að hagsmunaskráning borgarfulltrúa sé valkvæð þyrfti að lágmarki að taka af öll tvímæli um gildissvið reglnanna auk þess sem endurskoða þarf allt orðalag sem er til þess fallið að skapa vafa að þessu leyti þar með talið ákvæði 8. gr. um eftirfylgni.

Á fundi forsætisnefndar 13. september sl. fól nefndin undirritaðri að uppfæra reglurnar í samræmi við ábendingar Persónuverndar. Hefur það nú verið gert og fylgja uppfærðar reglur bréfi þessu. Er mælt með því að forsætisnefnd vísi til staðfestingar borgarstjórnar ef þær teljast nú tilbúnar til afgreiðslu eftir breytingarnar.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:
Reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar - 3.
útgáfa

